

Gamla innskráningarleiðin verður fjarlægð.

Frá og með uppfærslu þann 7. desember verður gamla innskráningarleiðin í CABAS og CAB Plan fjarlægð í því skyni að mæta kröfum um aukið öryggi upplýsinga. Þú verður að vera með notandanafn og aðgangsorð við höndina til að geta skráð þig inn.


Þetta er það sem þú þarft að gera fyrir 7. desember:

- Fáðu að vita notandanafnið þitt og aðgangsorðið. Ef þú hefur aðgangsorðið ekki við höndina getur þú beðið um nýtt með því að smella á „Gleymt aðgangsorð“ við innskráningu.
- Gakktu úr skugga um að þú sért að nota einhvern af eftirfarandi vöfrum sem studdir eru af CABAS/CAB Plan: Chrome, Edge, Internet Explorer 9 eða nýrri útgáfur.
- Prófaðu nýju innskráningarleiðina til að vera viss um að hún virki. Ef svo er ekki hafðu þá endilega samband við þjónustuna okkar.

Leiðbeiningar um hvernig breyta á aðgangsorði fyrir CABAS og CAB Plan


- Farðu í flipann **Mitt CABAS** í vinstri dálkinum
- Smelltu á **Notendur** undir **Annað**
- Smelltu á flipann **Notandaupplýsingar**
- Ef þú vilt breyta aðgangsorðinu þínu skaltu smella á **Skipta um aðgangsorð**
- Færðu inn **Gamla aðgangsorðið**
- Skrifaðu nýja aðgangsorðið þitt í reitinn **Nýtt aðgangsorð** og smelltu svo á **Staðfesta aðgangsorð**
- Ef þú vilt fá nýtt aðgangsorð frá CAB skaltu smella á **Endurstilla aðgangsorð**
- Aðgangsorðið verður sent á það **netfang** sem gefið var upp undir **Notendaupplýsingar**.
- Smelltu á **Í lagi** til að vista stillingarnar

Nýtt innskráningarferli fyrir CABAS og CAB Plan



1) Veldu tunglumál og smelltu á „Skrá inn“.


Þá opnast skráningargluggi í vafranum þínum. Ráðlagðir vafrar sem CABAS/CAB Plan styður eru Chrome, Edge, Internet Explorer 9 eða nýrri útgáfur.




2) Gefðu upp notandanafnið þitt og aðgangsorðið og smelltu á „Innskráning“.

Ef þú hefur gleymt aðgangsorðinu er hægt að biðja um að fá nýtt aðgangsorð sent í tölvupósti með því að smella á „Gleymt lykilorð eða notandanafn?“

Þú getur valið tiltekna stillingar í vafranum til að þurfa ekki að færa inn notandanafn og aðgangsorð í hvert sinn sem þú skráir þig inn. Gættu þess að allar breytingar á stillingum séu í samræmi við stefnu fyrirtækis þíns um upplýsingatækni.



3) Lokaðu glugganum.



4) Ef mörg verkstæði eru tengd við þína innskráningu skaltu velja verkstæði og smella á „Í lagi“.